

Sveitarstjórn samþykkir umsóknin og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfið eins og lög og reglugerðir mælir fyrir um.

2.Liður fundargerðar; Aðalskipulag Skútustaðahrepps, breyting vegna strenglagna.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps m.a. vegna þess að hún tengist fyrirhugaðri breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 vegna sömu strenglagna frá fyrirhugaðri Svartárvirkjun í Bárðardal að tengivirki við Laxá.

3.Lindahlíð, umsókn um stofnun lóðar.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár.

4.Rauðá, umsókn um stofnun lóðar.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár þegar samþykki allra viðkomandi aðila liggur fyrir.

5.Mýlaugsstaðir, umsókn um stofnun lóðar.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

3.Fundarboð Grýtubakkahrepps

Fyrir fundinum liggur bréf frá Presti Friðfinnssyni, sveitarstjóra Grýtubakkahrepps, dags. 17. ágúst s.l. þar sem hann býður sveitarstjórn og sveitarstjóra Þingeyjarsveitar til fundar á Grenivík.

Sveitarstjóra falið að finna dag og tímasetningu í samráði við sveitarstjóra Grýtubakkahrepps.

4. Þjóðarsáttmáli um læsi

Lagður fram Þjóðarsáttmáli um læsi, samningur ríkis og sveitarfélaga.

Nú í haust mun mennta- og menningarmálaráðuneyti í samvinnu við sveitarfélög og skóla vinna að Þjóðarsáttmála um læsi með það að markmiði að öll börn geti við lok grunnskóla lesið sér til gagns. Framlag ráðuneytisins verður í formi ráðgjafar, stuðnings, lesskimunar og aukins samstarfs við foreldra.

Sveitarstjóri skrifaði undir þjóðarsáttmálann fyrir hönd Þingeyjarsveitar 31. ágúst s.l. ásamt mennta- og menningarmálaráðherra og fulltrúa Heimilis og skóla. Með undirrituninni var staðfestur sameiginlegur skilningur á því að læsi sé nauðsynlegt til virkrar þátttöku í samfélaginu þannig að hver og einn geti nýtt hæfileika sína sjálfum sér og samfélaginu öllu til velferðar.

Sigurður Hlynur, fulltrúi T-lista lagði fram eftirfarandi bókun:

„Skýringa á lestrarvanda íslenskra ungmenna er að mínu mati ekki að leita innan grunnskólanna heldur er breytingum í samfélaginu um að kenna. Því tel ég þennan Þjóðarsáttmála um læsi algjörlega tilgangslausan.“

Ragnar fulltrúi T-lista lagði fram eftirfarandi bókun:

„Þó að markmiðið með þjóðarsáttmála um læsi sé göfugt og gott er aðferðarfræðin alröng og býður hættunni heim á aukinni miðstýringu og að skimunarpróf ýmiskonar fari að stýra kennslunni í skólunum þar sem markmiðið verður hærra skor á prófum umfram að virt nám fari fram í heildstæðara samhengi. Þetta er ekki rétta leiðin að bættu læsi hjá grunnskólanemendum.“

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:35

Hlaupastelpan

Kemur út á fimmtudögum.

Efni skal skila inn fyrir kl. 15:00 á þriðjudögum

Bjóðum upp á : Hálsíðu kr 2900
Heilsíðu kr. 3990

hlaupastelpan@isl.is/s: 8953386



Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
03.09.2015

176. fundur
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 3. september kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Heiða Guðmundsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Eiður Jónsson í forföllum Ásvaldar Ævars Þormóðssonar, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson. Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Fjárhagsstaða Þingeyjarsveitar – yfirlit
2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 26.08.2015
3. Fundarboð Grýtubakkahrepps
4. Þjóðarsáttmáli um læsi

/Fjárhagsstaða Þingeyjarsveitar – yfirlit

Lagt fram rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrstu sjö mánuði ársins, án afskrifta og fjármagnsliða. Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðunni ásamt skrifstofustjóra sem sat fundinn undir þessum lið. Rekstur og heildarniðurstaða málaflokka er samkvæmt fjárhagsáætlun fyrstu sjö mánuði ársins.

2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 26.08.2015

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 26. ágúst s.l. Sigurður Hlynur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í sex liðum.

- 1.liður fundargerðar; Vatnslögn og ljósleiðari, Brún – Hjalli, umsókn um framkvæmdaleyfi.



Íbúar Þingeyjarsveitar

Oddviti sveitarstjórnar, Arnór Benónýsson verður með viðtalstíma í Kjarna n.k. mánudag

14. september milli kl. 11:00 og 12:00

Á þessum tíma svarar oddviti einnig síma og tölvupósti eftir því sem kostur er.

Sími oddvita er 661 6292 og netfang arnor@thingeyjarsveit.is

Sveitarstjóri



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA

UPPBYGGINGARSJÓÐUR

auglýsir eftir umsóknum vegna síðari úthlutunar 2015 á styrkjum til atvinnuþróunar og nýsköpunar á starfssvæði Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Til ráðstöfunar í þessari úthlutun eru 10 milljónir króna.

Í ár er sérstök áhersla á verkefni sem jafna stöðu kynja og aldurshópa.

Umsóknir sem uppfylla eitthvert eftirfarandi atriða njóta einnig forgangs

- Verkefni sem stuðla að nýtingu auðlinda svæðisins til atvinnusköpunar
- Verkefni sem til þess eru fallin að auka fjölbreytni atvinnutækifæra
- Verkefni sem stuðla að samstarfi atvinnulífs, háskóla og þekkingarstofnana
- Verkefni sem efla nýsköpun og atvinnuþróun

Umsóknir skulu sendast rafrænt á netfangið uppbygging@eything.is á þar til gerðum eyðublöðum fyrir miðnætti **mánudaginn 5. október**.

Umsóknargögn og nánari upplýsingar má nálgast á www.atthing.is eða www.eything.is. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér verklagsreglur uppbyggingarsjóðs.



Viðtalstímar

Í tengslum við þessa úthlutun verða viðtalstímar sem hér segir:

Þórshöfn	22. september kl. 10:30 - 12:00	Skrifstofu Langanesbyggðar
Raufarhöfn	22. september kl. 13:00 - 14:30	Skrifstofu Norðurþings
Kópasker	22. september kl. 15:30 - 17:00	Skrifstofu Norðurþings
Laugar	23. september kl. 10:00 - 11:30	Skrifstofu Þingeyjarsveitar
Reykjahlíð	23. september kl. 13:00 - 14:30	Skrifstofu Skútustaðahrepps

i Nánari upplýsingar um úthlutun sjóðsins veitir Ari Páll Pálsson í síma 464-0416, í tölvupósti á netfangið aripall@atthing.is og á skrifstofu atvinnuþróunarfélagsins að Garðarsbraut 5 á Húsavík.



Atvinnuþróunarfélag
Þingeyinga



Starfsmaður óskast.

MýSköpun ehf. óskar eftir að ráða röskan og úrræðagóðan einstakling í 50% starf. Um er að ræða starf við alla almenna vinnu á rannsóknarstofu, s.s. sýnataka, ræktun þörungna, greining þörungna og innskráning gagna og fl.

Reynsla af rannsóknarvinnu kostur.

Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu í word, excel og outlook.

Umsóknir skal skila í tölvupóst til arnheidur@myskopun.is fyrir 15.sept

Fyrir hönd MýSköpunar
Arnheiður Rán Almarsdóttir



SVEFNOKAGISTING - VEITINGAR - TJALDSVÆÐI - SUNDLAUG

Sundlaug og grill kl. 16:00 - 21:00

Lokadagur sumaropnunar
verður sunnudaginn 13. september

Sundlaug - tjaldstæði – gisting
Veiðileyfi í Langavatn og Kringluvatn
Fjölbreyttar veitingar

símar 464 3903 – 864 0118
www.heidarbaer.is

36.tbl.
10. sept.
2015
22. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s:4643366/gsm:8953386



Haust 2015



MENNINGARMIÐSTÖÐ
PINGEYINGA

Í tilefni aldarafmælis
kosningaréttar kvenna
á Íslandi



SÓKNARÁÆTLUN
HÖNDUPLANDS 843114

Tónleikar

Safnahúsinu, miðvikudaginn 16. september kl. 20.00

Adrienne Davis þræflautuleikari
Steinunn Halldórsdóttir píanóleikari

Fjölbreytt efnisskrá
Verk eftir Bach, Godard, Gaubert,
Jardanyi og Ian Clarke

Aðgangseyrir 1.000 kr.

Náttúruupplýsingar: www.hafnir.is